



Þriðji tengiliðafundur sveitarfélaga um heimsmarkmiðin

Finum samnefnara!

**6. mars 2020 kl. 09:30-12:00, í „Fiskabúrinu“ á jarðhæð Kjarna,
Pverholti 2, Mosfellsbæ**

Dagskrá:

- 09:30-10:00 Arnar Jónsson, staðgengill bæjarstjóra býður fólk velkomið og kynnir stefnu Mosfellsbæjar og innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.
- Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri kynnir nýja endurskoðaða umhverfisstefnu sveitarfélagsins með hliðsjón af heimsmarkmiðunum.
- 10:00-10:15 Innleiðingafréttir
- Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Ásta Bjarnadóttir formaður verkefnastjórnar forsætisráðuneytisins um heimsmarkmiðin
- 10:15--10:30 Samstarf sveitarfélaga og fyrirtækja á Suðurnesjum um innleiðingu heimsmarkmiðanna
- Theódóra S. Þorsteinsdóttir verkefnastjóri
- 10:30-10:45 Kaffihlé
- 10:45-11:30 Möguleikar á að nýta heimsmarkmiðavinna í Sóknaráætlunum landshluta fyrir innleiðingu markmiðanna í sveitarfélögum
- Héðinn Unnsteinsson, ráðgjafi hjá Capacent
- 11:30-12:00 Umræður og næstu skref

Fundargerð samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmiðin

Tengiliðafundur samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið.

Áhersla fundarins var staða innleiðingar heimsmarkmiðanna á Íslandi og hvort mögulega megi nýta heimsmarkmiðavinnu í Sóknaráætlunum landshluta fyrir innleiðingu markmiðanna í sveitarfélögum

Föstudaginn 6. mars 2020, kl. 9:30-12:00 í „Fiskabúrinu“ í Mosfellsbæ.

Mættir voru: Arnar Jónsson Mosfellsbær, Tómas G. Gíslason Mosfellsbær, Friðbjörg Matthíasdóttir Vesturbyggð, Jón Kjartan Ágústsson Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Brynjar Bjarnason Hornafjörður, Bjartur Steingrímsson Mosfellsbær, Tómas G Gíslason Mosfellsbær, Anna Margrét Tómasdóttir Mosfellsbær, Karen Jónasdóttir Háskólinn á Akureyri, Smári B Kolbeinsson Grímsnes- og Grafningshreppur, Sigurbjörg Fjölisdóttir Mosfellsbær, Laufey Erlendsdóttir Suðurnesjabær, Berglind Kristinsdóttir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Björk Guðjónsdóttir Heklan Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, Theódóra S. Þorsteinsdóttir Isavia, Höskuldur Þorbjarnason Hveragerðisbær, Anna Magnea Hreinsdóttir Borgarbyggð, Kristján Ingi Arnarsson Dalabyggð, Sunna Sigurðardóttir Garðabær, Eiríkur B Björgvinsson Garðabær, Valdimar Hermannsson Blönduós bær, Héðinn Unnsteinsson Capacent, Ásta Bjarnadóttir Forsætisráðuneytið.

Einnig tóku þátt á fundinum í gegnum fjarfundabúnað: Þorsteinn Gunnarsson Skútustaðahreppur, Þröstur Friðfinnsson Grýtubakkahreppur, Tinna Ólafsdóttir Ísafjarðarbær, Þórdís Sif Sigurðardóttir Borgarbyggð, Sindri Birgisson Akranes, Signý Ormarsdóttir, Ólafur Þór Jóhannsson, Kjartan Már Kjartansson Reykjanesbær, Katrín Sigurjónsdóttir Dalvíkurbyggð, Hanna Kata Skútustaðahreppur, Hrönn Hrafnisdóttir Reykjavíkurborg, Ína Björk Ársælsdóttir Húnaþing vestra, Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, Freyr Ævarsson Fljótsdalshérað, Anna Berg Samúelsdóttir, Björg Ágústsdóttir Grundarfjörður.

Starfsmenn fundarins frá sambandinu voru Anna Guðrún Björnsdóttir, fundarstjóri, Guðjón Bragason, Eygerður Margrétardóttir, Ingibjörg Hinriksdóttir. Einnig tók þátt í gegnum fjarfundabúnað Óttar Freyr Gíslason.

Hægt er að nálgast glærur frá fundinum á [vefsíðu](#) sambandsins.

Arnar Jónsson, staðgengill bæjarstjóra.

Arnar bauð þátttakendur velkomna og í framhaldi af því kynnti hann vinnu í tengslum við stefnu Mosfellsbæjar og tengingu hennar við innleiðingu Mosfellsbæjar á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna..

Stefnu bæjarins er ætlað að tryggja að Mosfellsbær sé fjölskylduvænt, heilsueflandi og framsækið samfélag sem setur umhverfið í öndvegi og hefur þarfir og velferð íbúa að leiðarljósi. Til þess að tryggja að starfsemi bæjarins styðji við þetta markmið eru sett fram fjögur gildi sem lýsa menningu, þjónustu og vinnubrögðum þeirra 700 starfsmanna sem vinna í þágu bæjarbúa. Gildin eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Það er t.d. áhugavert að benda á að umhyggja er eitt af gildum Mosfellsbæjar, eitthvað sem kom sér vel í hruninu.

Við gerð markmiðasetningar í tengslum við stefnu Mosfellsbæjar er tekið mið af heimsmarkmiðunum og einstök markmið og áherslur tengdar við tilheyrandi heimsmarkmið. Í stefnunni er að finna þrjú meginmarkmið og þau eru öll tengd við tilheyrandi heimsmarkmið. Þannig er „Rétt þjónusta“ tengt við heimsmarkmið 4 og 9. „Flott fólk“ er tengt við heimsmarkmið 3, 5 og 8. „Stolt samfélag“ er tengt við heimsmarkmið 3, 10, 11. Þá er einnig að finna í stefnunni sérstök áhersluverkefni sem einnig eru tengd heimsmarkmiðum. Auk þess eru skilgreind mælanleg markmið til þess að hægt sé að fylgjast með hvort stefnt er í rétta átt og hvað þurfi að gera betur.

Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri Mosfellsbæjar.

Tómas kynnti nýja endurskoðaða umhverfisstefnu sveitarfélagsins með hliðsjón af heimsmarkmiðunum. Í erindi hans kom fram að vinna með sjálfbærni á sér talsvert langa sögu í Mosfellsbæ, en bærinn hóf þátttöku í Staðardagskrá 21 árið 2001 og hún var endurskoðuð 2008. Á þessu tímabili hlaut Mosfellsbær fjölmargar viðurkenningar fyrir góðan árangur í sjálfbærri þróun, m.a. Íslensku Staðardagskrárverðlaunin 2001. Í tengslum við þessa vinnu hóf Mosfellsbær innleiðingu stefnumótunar um sjálfbært samfélag til 2020 og gerð var framkvæmdaáætlun til lengri tíma sem byggði á stefnumótuninni. Þá var útbúinn árlegur verkefnalisti í samráði við nefndir og yfirstjórn Mosfellsbæjar, sem var yfirfarin í lok hvers árs og árangur metinn.

Í október 2017 var ákveðið að endurskoða umhverfisstefnu Mosfellsbæjar og að horft yrði til þess með hvaða hætti sveitarfélagið gæti nýtt sér Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í tengslum við þessa vinnu. Þá var ákveðið að stefnan þyrfti að vera einföld og aðgengileg fyrir íbúa og unnin í samvinnu við þá, jafnframt því að vera metnaðarfull og raunhæf. Umhverfisstefna yrði þá einskonar „regnhlíf“ yfir hinar ýmsu stefnur Mosfellsbæjar sem snúa að umhverfismálum. Vinna við endurskoðun stefnunnar er í höndum umhverfisnefndar Mosfellsbæjar og það var meðvituð ákvörðun að láta vinnuna ná yfir á nýtt kjörtímabil, til að skapa betri pólitíska sátt um verkefnið. Leitað var til faglegra ráðgjafa til að aðstoða við gerð stefnunnar og hið sama átti við um allt samráð við íbúa, m.a. íbúafundur um óskir og áherslur íbúa. Fundurinn var haldinn í mars 2018 og hann sóttu um 40 manns.

Eins og áður sagði þá var ákveðið að hafa heimsmarkmiðin sem grunn við endurskoðun umhverfisstefnu Mosfellsbæjar. Í hverjum kafla er því gerð grein fyrir því hvaða markmið er sérstaklega horft til og þá er sérstaklega horft til markmiðs 11 sem snýr að sjálfbærni sveitarfélaga, skipulagi þeirra og uppbyggingu. Þá má bæta við að innleiðing Mosfellsbæjar á nýrri umhverfisstefnu með hliðsjón af heimsmarkmiðunum og samráðið við íbúa, var notað af Nordregio sem dæmi um hvernig minni og meðalstór sveitarfélög geta horft til heimsmarkmiðana og nýtt sér þau í sinni starfsemi og þjónustu

Ný endurskoðuð umhverfisstefna Mosfellsbæjar, 2019-2030, var gefin út í árslok 2019. [Stefnuna má finna á vef Mosfellsbæjar.](#)

Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Anna gerði grein fyrir því hvað hefur verið í gangi frá síðasta tengiliðafundi í Garðabæ í nóvember 2019. Þá gerði Anna grein fyrir því hvernig nágrannar okkar á Norðurlöndunum og í Evrópu eru að fást við heimsmarkmiðin. Þar er mikið fjallað um heimsmarkmiðin um þessar mundir og hvernig best sé að innleiða heimsmarkmiðin og samhæfa þau annarri markmiðasetningu innan sveitarfélaga.

Anna gerði grein fyrir starfsemi annars af tveimur vinnuhópum samstarfsvettvangsins, en vinnuhópurinn sem fjallar um heimsmarkmiðin fundaði 11. febrúar 2020. Helsta umfjöllunarefni fundarins var hvort og þá hvernig væri hægt að skilgreina sameinginleg heimsmarkmið fyrir öll sveitarfélög á landinu. Héðinn Unnsteinsson frá Capacent tók þátt í fundinum og til umræðu var hvort og að hvaða leyti sé hægt að byggja á heimsmarkmiðavinnu í sóknaráætlunum landshluta fyrir innleiðingu heimsmarkmiðanna í sveitarfélögunum. Í framhaldi af því var ákveðið að Héðinn fjallaði um málið á tengiliðafundinum í dag. Þá var rætt var um mikilvægi þess að sveitarstjórnarstigið sé inni í mælikvarðavinnu Hagstofu Íslands vegna heimsmarkmiðanna og að ríkið tryggi fjármagn í þessa vinnu. Enn fremur að þörf sé á því að skilgreina mælikvarðavinnu ríkis og sveitarfélaga vegna heimsmarkmiðanna sem sérstakt verkefni og möguleika þess að stofna formlegan vinnuhóp í kringum verkefnið sem hafi yfirsýn yfir þá mælikvarða sem eru til og sinni gæðaeftirliti.

Þá gerði Anna grein fyrir því að ekki hefði tekist að tryggja sérstaka fjármuni frá ríkinu í heimsmarkmiðavinnu sveitarfélaga á næstunni. Það er miður, en það hafa komið upp hugmyndir um að hægt sé að fara í samstarf við ríkið í sambandi við mælikvarðavinnu í tengslum við heimsmarkmiðin, eins og minnst var á hér að ofan, og að Hagstofu Íslands tæki þá að sér það verkefni fyrir sveitarfélögin,.

Í lokin greindi Anna frá því að sambandið, í samstarfi við Umhverfisstofnun og Landvernd, hafi sótt um fjárstyrk úr loftslagssjóði til þess að setja upp verkfærakistu í tengslum við loftslagsmálin.

Ásta Bjarnadóttir formaður verkefnastjórnar forsætisráðuneytisins um heimsmarkmiðin

Ásta gerði grein fyrir vinnu og áherslum ríkisstjórnarinnar á næstu mánuðum í tengslum við heimsmarkmiðin. Að einhverju leyti hefur tekist að nýta heimsmarkmiðin sem sameiginlegt tungumál og til að brjóta niður „siló“. Með því er hægt að stuðla að betra samtali í samfélaginu um mál sem snerta okkur öll og falla með einum eða öðrum hætti undir heimsmarkmiðin. Heimsmarkmiðin eru auðvitað ekki tæmandi, en kannski það besta sem við höfum núna til þess að ræða leiðir að aukinni sjálfbærni.

Á næstunni er stefnt að því að auka verulega samstarf milli opinbera aðila, einkageirans og almennings, m.a. með því að setja upp vinnustofur, o.s.frv. Sveitarfélögum verður að sjálfsögðu boðið að taka virkan þátt í þessu samstarfi.

Þá er stefnt að því að tengja heimsmarkmiðin við fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Þannig verður einnig auðveldara að kortleggja hvernig innleiðing heimsmarkmiðanna gengur, hvaða fjármunum er veitt í hvaða málaflokka, o.s.frv.

Þá er mikilvægt að hægt verði að mæla þann árangur sem náðst hefur og eins að gera sér grein fyrir hvar upp á vantar í innleiðingu heimsmarkmiðanna. Mikil áhersla er því lögð á þessa vinnu og hjá Hagstofu Íslands og hefur sérstakur starfskraftur verið settur í þessa vinnu. Nú þegar hefur töluvert áunnist með því að nýta þau gögn sem Hagstofan hefur nú þegar í sínu gagnasafni. Sumir mælikvarðarnir nýtast vel í tengslum við heimsmarkmiðin á meðan aðrir gera það síður og því þarf að fara í

töluverða vinnu við að sníða þá betur að heimsmarkmiðunum. Í dag er búið að birta gögn sem ná yfir 165 af þeim 244 mælikvörðum sem unnið er með. Þetta eru mestmegnis mælikvarðar sem tengjast málefnum ríkisins og því þarf að fara í þarfagreiningu á því hvaða mælikvarðar gætu hentað t.d. sveitarfélögum. Stefnt er að því að setja þetta í forgang á þessu ári, í samstarfi við sveitarfélögin, og vonandi verður hægt að ná sameiginlegri niðurstöðu um þetta í lok árs. Spurning úr sal: Er hægt að skipta þeim gögnum sem til eru niður á sveitarfélög og/eða landssvæði þannig að þau geti nýst betur í þeirri mælingar- og greiningarvinnu sem sveitarfélög þurfa að fara í? Svar: Þessi greiningavinna er í gangi, þ.e. hversu mikið er hægt að skipta gögnunum niður og hvað af því myndi gagnast sveitarfélögunum. Þetta er tæknilegum vandkvæðum bundið, en unnið er að bæta úr því.

Varðandi áframhaldandi samráð og fræðslu þá benti Ásta á vefinn: www.heimsmarkmidin.is. Spurning úr sal: Þetta er flottur vefur, en lítil umferð á honum og skortur á dæmum um fleiri verkefni. Svar: Það er unnið að því að fá fleiri dæmi t.d. frá ríkisstofnunum um verkefni sem tengjast heimsmarkmiðunum og líka til þess að nota þau dæmi við að ýta við þeim ríkisstofnunum sem ekki hafa tekið upp heimsmarkmiðin í sinni starfsemi. Það verður lögð áhersla á þetta á þessu ári.

Í lokin var hvatt til þess að sveitarfélögin setji fleiri dæmi áhugaverð verkefni sem tengjast heimsmarkmiðunum inn á vefinn.

Theódóra S. Þorsteinsdóttir verkefnastjóri

Theódóra fjallaði um samráðsvettvang sveitarfélaga og fyrirtækja á Suðurnesjum um innleiðingu heimsmarkmiðanna. Að samráðsvettvanginum standa sveitarfélögin Reykjanesbær, Grindavík, Suðurnesjabær og Vogar, auk Isavia.

Með samráðsvettvanginum er stefnt að því að auka samstarf sveitarfélaganna og annarra hagaðila á Suðurnesjum. Þannig megi vinna að sameiginlegum hagsmunum sem ein heild. Markmiðið er að styrkja atvinnulíf og samfélagsinnviði á Suðurnesjunum og að nýta hugmyndafræði heimsmarkmiðanna í þeirri vinnu. Þannig er einnig stefnt að því að heimsmarkmiðin verði innleidd og þeim forgangsraðað út frá sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og fyrirtækja á Suðurnesjum. Grunnþættir árangurs í þeirri vinnu snerta allt samfélagið hvort sem það tengist atvinnu og afkomu, menntun og heilbrigði eða umhverfi og skipulagsmálum.

Aðilar á öllum stigum koma að þessari vinnu. Þannig samanstóð s.k. bakhjarlahópur að bæjarstjórum og forstjóra Isavia. Þá hélt s.k. stýrihópur utan um verkefnið og s.k. stefnuhópar koma að málefnavinnunni. Skilgreindar voru fjórar grunnstoðir sem unnið var eftir: i) Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf sem tengist heimsmarkmiðum 8,9 og 12; ii) Sjálfbært og aðlaðandi samfélag sem tengist heimsmarkmiðum 13, 14 og 15, iii) Traustir og hagkvæmir innviðir sem tengjast heimsmarkmiðum 6, 7 og 11; iv) Vel menntað og heilbriggt samfélag sem tengist heimsmarkmiðum 1, 3 og 4.

Þá skipta mælikvarðar lykilatriði í þessari vinnu og þar þarf m.a. að horfa á lögbundin verkefni sveitarfélaga og byrja að hanna mælikvarða í tengslum við þau.

Spurning úr sal: Leiðir Isavia verkefni eða SSS? Svar: Frumkvæðið kemur frá Isavia og fyrirtækið vildi draga fleiri að borðinu og vinna með nærumhverfi sínu. Hins vegar getur svona verkefni vel átt heima á borði sveitarfélaga/landshlutasamtaka út um allt land. Í rauninni er best að þetta sé á borði sveitarfélaganna/landshlutanna. Viðbrögð við svári: Til fyrirmyndar að opinber fyrirtæki komi að verkefni sem þessu og vel má sjá fyrir sér að fleiri opinber fyrirtæki gerðu slíkt hið sama, t.d. Íslandspóstur.

Spurning úr sal: Hver er eigandi verkefnisins? Svar: Allir þátttakendur eru sameiginlegir eigendur að verkefninu.

Spurning úr sal: Hvernig er kostnaðarskiptingin? Svar: Kostnaðurinn er 11 milljónir og greiðir Isavia 3 milljónir og restin skiptist á milli sveitarfélagana eftir íbúafjölda.

Spurning úr sal: Kemur til greina að tengja aðgerðaráætlunina inn í fjárhagsáætlun sveitarfélaganna? Svar: Já það má t.d. sjá fyrir sér að vinna megi sameiginlega loftslagsáætlun sem væri þá fjármögnuð sameiginlega af sveitafélögum og þeim fyrirtækjum sem aðkomu hafa að henni.

Héðinn Unnsteinsson, ráðgjafi hjá Capacent

Héðinn fjallaði um hvort og að hvaða leyti sé hægt að byggja á heimsmarkmiðavinna í sóknaráætlunum landshluta fyrir innleiðingu heimsmarkmiðanna í sveitarfélögum. Héðinn hefur unnið sem ráðgjafi að sóknaráætlunum allra landshlutanna fyrir utan Norðurland vestra.

Hingað til hafa aðallega verið farnar tvær leiðir við innleiðingu heimsmarkmiðanna hjá sveitarfélögum.

Annars vegar er talað um s.k. heildræn nálgun þar sem heimsmarkmiðin eru notuð til að samhæfa nálgun allra stefnumarkandi skjala sveitarfélagsins. Þessu til útskýringar vísaði Héðinn í eftirfarandi upplýsingar frá Norrænu Ráðherranefndinni:

„Some local authorities use the SDGs to mainstream a sustainability perspective across all administrative levels and activities. This is done for instance by linking core steering documents such as Local Plans or Strategies (Hurdal, Bergen, Copenhagen, Kópavogur, Gladsaxe), local goals (Kristiansund, Örebro, Uppsala) or Sustainability and Quality of Life Programmes (Åtvidaberg, Växjö, Helsingborg, Odense) to the 2030 Agenda, by adapting management systems (Kemi, Malmö), or by using the SDGs to guide a merger of municipalities (New Asker).“

Kópavogur er t.d. dæmi um sveitarfélag sem beitir heildrænni nálgun.

Hins vegar er talað um s.k. sérhæfða nálgun en þá eru heimsmarkmiðin nýtt inn í sérhæfðar stefnur og verkefni. Þessu til útskýringar vísaði Héðinn í eftirfarandi upplýsingar frá Sameinuðu þjóðunum:

„When local authorities work with the 2030 Agenda and the Sustainable Development Goals in specific projects or policy areas or for specific purposes.“

Mosfellsbær er t.d. dæmi um sveitarfélag sem beitir sérhæfðri nálgun.

Hvað varðar sérhæfðu nálgun við innleiðingu heimsmarkmiðanna þá myndi það t.d. rýma vel við vinnu í tengslum við loftslagsmálin, enda er öllum sveitarfélögum núna gert að setja fram loftslagsstefnu og mæla kolefnisspor.

Það leiðir aftur að spurningunni hvort það sé hugsanlega góður kostur að tengja þá vinnu sem fram hefur farið í tengslum við sóknaráætlunum landshluta við innleiðingu heimsmarkmiðanna í sveitarfélögum til að ná fram samlegðaráhrifum. Það kostar t.d. í kringum 5 milljónir að bara mæla kolefnisspor innan sveitarfélags. Þá má spyrja hvort það sé virkilega þörf á því og hvort það væri ekki skynsamlegra að mælingar næðu yfir landshluta frekar en hvert sveitarfélag? Þetta mætti þá hugsanlega vinna í tengslum við sóknaráætlanirnar. Það myndi fela í sér kostnaðar- og verksparnað og stuðla að samræmingu og samhæfingu, enda hafi sóknaráætlanirnar verið unnar í breiðu samstarfi í landshlutunum, þá væru forgangsmarkmið sóknaráætlana lögð til grundvallar í vinnunni og mælanleg markmið skilgreind. Athugasemdir úr sal: i) Þetta myndi kalla á lagabreytingu þar sem lögin gera t.d. ráð fyrir því að hvert sveitarfélag setji fram loftslagsstefnu. ii)

Lögin horfa til reksturs sveitarfélaga, innkaup, o.s.frv. Myndi þá henta að hafa þetta sameiginlegt yfir mörg sveitarfélög þar sem þetta er nálægt rekstri þeirra?

Héðinn véc næst að mikilvægi þess hvaða markmið og mælikvarða verði fyrir valinu og að það sé tæplega hægt, né fýsilegt, að velja öll markmiðin. Héðinn fór yfir það með hvaða hætti t.d. fyrirtæki eru að vinna að innleiðingu heimsmarkmiðanna m.a. út frá kröfum laga um ársreikninga og að sveitarfélög gætu stuðst við svipaðar aðferðir og þau. Hann tók Marel sem dæmi, en á þeim bænum voru t.d. einungis valin þrjú heimsmarkmið (2, 9 og 12).

Ef tekið er saman hvaða heimsmarkmið sóknaráætlanirnar ná yfir þá ná þær yfir öll markmiðin utan tvö (1 og 5) og forgangundirmarkmið eru 36 talsins. Eftir að hafa farið í gegnum þessi 36 undirmarkmið og þá mælikvarða sem þeim fylgja er niðurstaða Héðins sú að 9 mælikvarðar úr sóknaráætluninum gætu hentað við val á markmiðum/mælikvörðum sem öll sveitarfélög gætu sameinast um:

- Hlutfall landbúnaðarsvæðis til framleiðslu og sjálfbærs landbúnaðar;
- Skaðleg notkun áfengis, skilgreint út frá innlendu samhengi sem áfengisnotkun á mann (15 ára og eldri) innan almanaksárs, í lítrum af hreinu áfengi;
- Þátttökuhlutfall ungmenna og fullorðinna í formlegu og óformlegu námi og þjálfun á síðast liðnum 12 mánuðum, eftir kyni;
- Hlutfall ungmenna og fullorðinna sem búa yfir upplýsinga- og fjarskiptatækniþekkingu, eftir tegund þekkingar;
- Hlutfall skolps sem fær örugga meðhöndlun;
- Hlutfall endurnýjanlegrar orku í heildarnotkun;
- Hlutfall starfa í sjálfbærri ferðaþjónustu af heildarfjölda í ferðaþjónustunni;
- Koltvísýringslosun á viðrisaukaeiningu;
- Skógi vaxin svæði sem hlutfall af heildarsvæði.

Þetta eru vissulega ekki margir mælikvarðar og Héðinn tók fram að greiningin er huglæg og mögulega eigi fleiri mælikvarðar innan sóknaráætlanna við. Spurning úr sal: Eftir þessa yfirferð og þá yfirsýn sem er fengin með því, hversu vel dekkar þetta starfsemi sveitarfélaga og hvað er útundan? Svar: Það vantar t.d. upp á þegar kemur að málefnum tengdum félagsmálum og jöfnuði.

Byggt á þessari greiningu á hvaða forgangsmarkmið og mælikvarða er að finna í sóknaráætlunum þá lagði Héðin til að eftirfarandi heimsmarkmið og forgangsmarkmið gætu átt við um öll sveitarfélögin:

Heimsmarkmið 2	2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma lítið.
Heimsmarkmið 3	3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.
Heimsmarkmið 4	4.3 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og

framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.

4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækniogstarfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.

- Heimsmarkmið 6 6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin tilmuna um heim allan.
- Heimsmarkmið 7 7.1 Eigi síðar en árið 2030 verði nútímaleg og áreiðanleg orkuþjónusta í boði alls staðar í heiminum á viðráðanlegu verði.
- Heimsmarkmið 8 8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.
- Heimsmarkmið 9 9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfissvæna verkferla eftir getu.
- Heimsmarkmið 15 15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.

Þá þarf einnig að taka mið af því hvaða mælikvarðar eru til, hvaða mælikvarða þarf nauðsynlega og hvort og hvernig sé hægt að skipta þeim niður á landshluta og/eða sveitarfélög

Í lokin vék Héðinn aftur að spurningunni um hvort sérhvert sveitarfélag eigi að vinna sjálfstætt að þessum málum eða hvort meiri hagkvæmni felist í því að vinna að þessum málum eftir landshlutum. Það kalli hins vegar á önnur vinnubrögð en nú tíðkast og að unnið sé þvert á hin hefðbundnu “síló”. Staðreyndin er þessi, allar skipulagsheildir vilja búa við skilvirka stefnu og geta tengt fjármagn við stefnu og árangur. Þá er aukin krafa á að sveitarfélög standi skil á samfélagslegri ábyrgð og að þau tengi sig við heimsmarkmiðin.

Hvernig má ná þessu fram? Það þarf að sammælast um hvaða aðferð er beitt í nálgun að tengingu við heimsmarkmiðin og auka samvinnu um hver mælir hvað. Það kallar líka á að sammælst sé um mælikvarða (en þá eftir sveitarfélögum eða landshlutum?) og að unnið sé þvert á hefðbundið skipulag. Þá þarf að útfæra hlutverk samstarfsvettvangs sambandsins á skilvirkan hátt.

Spurning úr sal til Ástu: Á að endurskoða forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar og hvaða forsendur liggja að baki vali ríkisins á undirmarkmiðum? Svar: Leitað var til Háskóla Íslands með aðferðafræði og var lagt til að nota hlutlæga greiningu á

undirmarkmiðum, t.d. stefnu ríkisstjórnar og hversu langt er í land að ná markmiðum Þetta var sett saman í einkunnakerfi og þá flutu ákveðin markmið upp á yfirborðið og urðu að forgangsmarkmiðum. Markmiðin urðu því þrískipt og 65 talsins. Í dag er betri þekking á stöðunni og betri gögn sem liggja fyrir. Því ættum við að hafa betri forsendur til að endumeta forgangsmarkmið. Sú vinna er hins vegar ekki hafin og útfærsla á þeirri vinnu ekki ákveðin.

Næstu skref

Á næstunni verður fundað í vinnuhópum samstarfsvettvangisins, bæði loftslagshópnum og heimsmarkmiðahópnum til þess að fara nánar ofan í það sem fram hefur komið. Þá verður áfram unnið í mælikvarðahópnum sem settur hefur verið upp til þess að skoða hvaða mælikvarðar eru til staðar hjá Hagstofu Íslands og hvort og þá með hvaða hætti er hægt að skipta þeim niður á landshluta og/eða sveitarfélög.

Í framhaldi af því verður blásið til tengiliðafundar.